

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 19. apríl 2016

Í gær, mánudaginn 18. apríl, var undirrituð viljayfirlýsing um utankjörfundaratkvæðagreiðslu milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sýslumannafélags Íslands vegna forsetakosninga 2016.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúar sýslumanna á Íslandi hafa á undanförnum vikum rætt um hvernig auka megi aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Hafa aðilar orðið ásáttir um að gera tilraun með aukið aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu við forsetakosningar 2016 með vísan til ákvæða í 58. gr. laga um kosningar til Alþingis, þar sem segir m.a. í a-lið greinarinnar, að sýslumenn geti ráðið sérstaka trúnaðarmenn til þess að annast störf kjörstjóra við utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Tilraunin byggir á því að þau sveitarfélög, sem áhuga hafa á að taka þátt í tilrauninni og vilja auka þjónustu við íbúa, geti óskað eftir því að sýslumaður í viðkomandi umdæmi skipi ákveðinn starfsmann eða starfsmenn viðkomandi sveitarfélags sem kjörstjóra.

Annaðhvort getur verið um að ræða núverandi starfsmann sveitarfélags, sem sinnir þessu verkefni með öðrum verkefnum eða er tímabundið færður til í starfi, eða einstakling sem er sérstaklega ráðinn til starfans. Jafnframt leggur sveitarfélag til viðunandi húsnæði þar sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla fari fram í sveitarfélaginu. Sveitarfélögin beri sjálf kostnað af starfsmanni og húsnæði, en sýslumenn sjá um kostnað við aðra þætti sem snúa að framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar og útvega kjörgögn.

Í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014–2018 segir m.a.:

„Sambandið skal beita sér fyrir því að rannsóknir á kjörsókn við sveitarstjórnarkosningar verði efldar og aflu upplýsinga um til hvaða ráða aðrar þjóðir hafa gripið til þess að auka kjörsókn. Niðurstöður verði nýttar til þess að auka umræður á sveitarstjórnarstigi um leiðir og tækifæri til þess að vekja áhuga fólks á kosningum til sveitarstjórna. Niðurstöðurnar verði jafnframt nýttar til mats á hvort tilefni sé til að breyta dagsetningu sveitarstjórnarkosninga **og fyrirkomulagi utankjörfundaratkvæðagreiðslu og aðgengi að henni.**“

Framangreind viljayfirlýsing er liður í því að ná settu marki sambandsins um breytt fyrirkomulag og bætt aðgengi að utankjörfundaratkvæðagreiðslu við almennar kosningar.

Sveitarstjórnir eru hvattar til þess að taka málið til umfjöllunar og ákvörðunar sem allra fyrst. Með þátttöku í tilraunaverkefninu að þessu sinni er ekki verið að viðurkenna að sveitarfélögin eigi að bera kostnað af utankjörfundaratkvæðagreiðslunni til framtíðar. Verði seinna meir kveðið á um aukið hlutverk sveitarfélaganna við framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu í kosningalögum þarf að kostnaðarmeta verkefnið og færa fjármuni til þess frá ríki til sveitarfélaga.

Þeim sveitarfélögum sem hafa áhuga að taka þátt í tilraunverkefninu er bent á, að hafa samband við sýslumann í viðkomandi umdæmi. Jafnframt mun undirritaður veita nánari upplýsingar.

Meðfylgjandi er viljayfirlýsingin undirrituð.

Virðingarfyllst

Með kveðju / best regards

MAGNÚS KAREL HANNESSON
SVIÐSSTJÓRI / DIRECTOR

rekstrar- og útgáfusvið / secretariat and communication



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
ICELANDIC ASSOCIATION OF LOCAL AUTHORITIES
DET ISLANDSKE KOMMUNEFORBUND

Borgartún 30 | Pósthólf 8100 | 128 REYKJAVÍK | Sími 515 4911 | 893 8405
www.samband.is | samband@samband.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026